

Nefndasvið Alþingis  
Hildur Edwald  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. maí 2018  
Tilvísun: 201804046 / 2.5

---


## Efni: Frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða, 425.mál

---

Vísað er til tölvupósts nefndasviðs Alþingis frá 20. apríl sl. þar sem Skipulagsstofnun er gefinn kostur á að gera athugasemdir við frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða.

Skipulagsstofnun fagnar frumvarpinu og telur það mikilvæga bót á sviði skipulagsmála. Að mati stofnunarinnar er brýnt að setja umgjörð um skipulag á haf- og strandsvæðum. Aukin eftirspurn er eftir svæðum til ólíkrar starfsemi úti fyrir ströndum landsins þar sem hagsmunir geta stangast á, svo sem til fiskeldisstarfsemi, efnisnáms, siglinga og ferðapjónustu. Þetta kallar á að nýting flóa og fjarða byggji á heildstæðri skipulagsgerð þar sem aðstæður og möguleikar viðkomandi svæðis hafa verið greindir í víðtæku samráði við hagsmunaaðila.

Skipulagsstofnun átti fulltrúa í starfshópi sem vann frumvarpið. Stofnunin telur frumvarpið fela í sér umgjörð um skipulagsgerð sem er til þess fallin að tryggja skilvirka stjórnsýslu og sjálfbæra nýtingu. Stofnunin er reiðubúin að koma á fund umhverfis- og samgöngunefndar og svara spurningum sem varða frumvarpið, ef óskað er.



Ásdís Hlökk Theodórsdóttir